

AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2010-2022

Aðalskipulagsbreyting á Landmannaafrétti

Lýsing



STEINSHOLT

16. maí 2013

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Stefnumörkun	3
1.2	Greinargerð og uppdráttur	3
2	UMHVERFISMAT	4
2.1	Matsskylda	4
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.3	Nálgun og áherslur matsvinnu	4
2.3.1	Umhverfispættir og gögn	5
2.3.2	Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu	5
2.4	Valkostir til samanburðar	5
3	SKIPULAGSFERLIÐ	7
3.1	Lýsing	7
3.2	Tillaga að breyttu aðalskipulagi og umhverfisskýrslu	7
3.3	Auglýsing aðalskipulagsbreytingar	7
3.4	Afgreiðsla á breyttu aðalskipulagi	7
4	SAMRÁÐ OG KYNNING	7
4.1	Kynning fyrir almenning og hagsmunaaðila	7
4.2	Umsagnaraðilar	8
4.3	Tímaáætlun	8

1 INNGANGUR

Rangárþing ytra hefur ákveðið að endurskoða aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 á Landmannaafreitti. Forsendur endurskoðunarinnar eru breytt stefnumörkun varðandi legu háspennulínu yfir Sprengisand. Að öðru leyti eru forsendur óbreyttar frá gildandi aðalskipulagi.

Lýsingin er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð er grein fyrir þeirri nálgun og þeim áherslum sem lagðar verða til í skipulagsvinnunni og hvernig staðið verður að samráði og kynningu á tillögunni. Endurskoðun aðalskipulagsins felur í sér:

- **Breytta stefnumörkun um legu háspennulínu yfir Sprengisand.**
- **Uppfærslu greinargerðar og aðalskipulagsuppdráttar.**
- **Umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.**

1.1 STEFNUMÖRKUN

Áhersla skipulagsvinnunnar verður á breytta legu háspennulínu yfir Sprengisand. Í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er gert ráð fyrir Sprengisandslínu, en línan er ekki í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir að Sprengisandslína liggi að hluta til um Landmannaafreitt, eftir endilöngum Holtamannaafreitti og Bárðdælaafreitti til byggða í Bárðardal.

Unnin hefur verið forathugun fyrir legu háspennulína og vega á Holtamannaafreitti og verður hún lögð til grundvallar við stefnumörkunina. Í forathuginni er gert ráð fyrir að Sprengisandslína liggi frá tengivirki við Langöldu á Landmannaafreitti. Línan liggur samsíða Búðarháslínu 1 yfir Tungnaá og yfir á Holtamannaafreitt og um Bárðdælaafreitt til byggða á Norðurlandi. Í forathuginni koma fram áhrif mismunandi valkosta á umhverfið, samfélagið og minjar.

Í aðalskipulagsbreytingunni verður gerð grein fyrir staðháttum á afreittinum og sérstöðu svæða, mögulegum umhverfisáhrifum mismunandi valkosta verður lýst og þeir metnir ásamt því að fjallað verður um forsendur fyrir breytingunni.

1.2 GREINARGERÐ OG UPPDRÁTTUR

Greinargerð aðalskipulags verður breytt til samræmis við breytta stefnumörkun. Hluti þeirrar vinnu er að skilgreina og uppfæra markmið og tryggja að samræmi verði á milli þessara mismunandi flokka.

Aðalskipulagsuppdráttur fyrir Landmannaafreitt verður uppfærður miðað við breytta stefnumörkun. Uppdrátturinn er í mkv. 1:100.000.

2 UMHVERFISMAT

2.1 MATSSKYLDA

Endurskoðun aðalskipulags Rangárbings ytra er matsskyld skv. 3. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða þar sem skipulagið:

- Markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

2.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í tengslum við umhverfismatið verður greint frá áhrifum af breyttu aðalskipulagi á aðra áætlanagerð. Þær áætlanir sem helst verður litið til eru:

1. **Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.** Í aðalskipulagi Ásahrepps er Sprengisandslína í samræmi við Svæðisskipulag miðhálandisins, en vísað til þess að endurskoðun á legu Sprengisandsleiðar þurfi að skoða með tilliti til staðsetningar Sprengisandslínu. Samræma þarf legu Sprengisandslínu á sveitarfélagamörkum Ásahrepps og Rangárbings ytra.
2. **Náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og Náttúruminjaskrá.** Í náttúruverndaráætluninni og Náttúruminjaskrá eru afmörkuð sérstök svæði m.t.t. náttúrufars og mörkuð stefna um verndun. Að mestu leyti byggja þær á greiningu og mati sérfræðinga sem hafa rannsakað náttúrufar landsins og metið verndargildi þess. Við stefnumörkun í aðalskipulagsbreytingunni verður tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2013 og Náttúruminjaskrá.
3. **Stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi til 2020.** Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2020 er í samræmi við stefnumörkun sem sett er fram í riti Umhverfisráðuneytisins, *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*. Ritið verður lagt til grundvallar við aðalskipulagsbreytinguna.
4. **Samgönguáætlun 2011-2022.** Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við samgönguáætlun sem lögð var fyrir Alþingi 2011-2012 og er til ársins 2022.
5. **Kerfisáætlun Landsnets 2011-2015.** Í Kerfisáætluninni kemur fram að nauðsynlegt sé að fara út í styrkingu á byggðalínunni á næstu árum. Kerfisathuganir sýna að núverandi byggðalína þolir illa truflanir og ákveðnir hlutar hennar eru að verða takmarkandi fyrir orkuflutning og þar með fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Til að ráða bót á þessu er gert ráð fyrir að byggð verði hálandislína (220 kV eða 400 kV) frá Þjórsár-Tungnaáarsvæðinu sem tengist inn á byggðalínuna á Norðurlandi. Síðarnefnda leiðin virðist betri kerfislega og er mun hagkvæmari.
6. **Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.** Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið verði fellt úr gildi þegar ný landsskipulagsstefna verður staðfest. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir Sprengisandslínu.
7. **Landsskipulagsstefna 2013-2024, tillaga til auglýsingar.** Nú liggur fyrir að landsskipulagsstefna var ekki samþykkt á Alþingi þannig að svæðisskipulag miðhálandisins er áfram í gildi.

2.3 NÁLGUN OG ÁHERSLUR MATSVINNU

Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum af breyttu aðalskipulagi. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir breytingum á Aðalskipulagi Rangárbings ytra. Tekið er saman yfirlit um staðhætti og sérstöðu svæðisins þar sem línan er fyrirhuguð. Tilgangurinn er að skerpa á þeim megin þáttum sem taka þarf tillit til og að fjalla um í umhverfismatinu við ákvörðun um besta valkost. Að teknu tilliti til umfangs og eðlis áhrifa verður greint frá heildaráhrifum í umhverfisskýrslunni.

2.3.1 Umhverfisþættir og gögn

Eftirfarandi eru umhverfisþættir sem tekið verður tillit til við mat á þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulagsbreytingunni og taldir eru geta orðið fyrir verulegum áhrifum af þeim framkvæmdum sem þar eru settar fram.

- Samfélag og byggð. Horft er til hvaða áhrif stefnan hefur á efnahag og atvinnulíf bæði fyrir nærsvæði og landið allt.
- Náttúrufar. Hvaða áhrif hefur stefnan á landslag og jarðmyndanir, gróðurfar, dýra- og vatnalíf. Þá er horft til hvaða áhrif stefnan muni hafa til langs tíma á umhverfisþætti s.s. kolefnisbúskap. Sjónræn áhrif verða einnig metin.
- Heilsa og öryggi. Aðallega er horft til möguleika til útivistar sem bæti heilsufar.
- Minjar. Hvaða áhrif stefnan hefur á friðlýstar fornminjar sem og á náttúru- og söguminjar.

2.3.2 Tengsl umhverfismats og skipulagsvinnu

Nálgun umhverfismats gerir ráð fyrir að matsvinnan nýtist til þess að tryggja að stefnumótun verði upplýst og rökstudd. Í matsvinnunni mun koma fram hvort tiltekin umhverfisáhrif aðalskipulags teljist vera verulega neikvæð til þess að geta brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Einnig mun matsvinnan nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

2.4 VALKOSTIR TIL SAMANBURÐAR

Markmið matsvinnu er að fá fram upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif þeirra stefnumiða sem sett eru fram í aðalskipulagsbreytingunni. Lagðir eru fram mismunandi valkostir til samanburðar, sem einnig voru skoðaðir í forathugun fyrir Holtamannafrétt. Gerð verður grein fyrir þeim valkostum sem metnir voru og hvernig það mat leiðir til breytinga á aðalskipulagi. Þeir valkostir sem settir eru fram til skoðunar er hliðstæðir þeim sem metnir eru í forathugun fyrir Holtamannafrétt.

Landsvirkjun, Landsnet og Vegagerðin hafa, í samráði við Ásahrepp og Rangárþing ytra, unnið forathugun fyrir vegi, línur og virkjanir á Holtamannafrétti. Í forathugininni voru eftirfarandi þættir skoðaðir:


- *Mismunandi valkostir fyrir legu Sprengisandsvegar, frá Haldi norður fyrir Fjórðungskvísl.*
- *Mögulegur aðkomuvegur að Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun.*
- *Mismunandi valkostir fyrir legu háspennulínu frá Hágöngusvæðinu að virkjunum á Þjórsár-Tungnaárvæðinu og frá Hágöngusvæðinu norður fyrir Fjórðungskvísl.*
- *Útfærsla Norðlingaölduveitu og Skrokkölduvirkjunar.*

Skoðuð voru tengsl vega og háspennulína við núverandi virkjanir á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár, en flestar þeirra eru á Holtamannafrétti. Þessar virkjanir eru; Vatnsfellsvirkjun, Sigölduvirkjun, Hraun-eyjafossvirkjun, Búðarhálsvirkjun og Sultartangavirkjun.

Forathuginin var unnin með hliðsjón af lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og skipulagslögum nr. 123/2010. Með því að beita þessari aðferðafræði á valkostina og leggja mat á áætluð umhverfisáhrif þeirra þá tóku þeir breytingum í vinnuferlinu og í ljós kom hvaða valkostir höfðu jákvæðust eða minnst áhrif á þá þætti sem skoðaðir voru. Niðurstaða þessarar forathugunar nýtist beint við mótun stefnu og við þann rökstuðning sem þarf að fylgja með í skipulagsgreinargerð og umhverfisskýrslu með aðalskipulagsbreytingu á Landmannafrétti.

Háspennulínur

Skoðaðir eru 2 valkostir fyrir legu Sprengisandslínu (Mynd 1). Miðað við þessa valkosti þá kemur Sprengisandslína til með að liggja annað hvort meðfram Búðarhálslínu 1 eða Hrauneyjafosslínu 1, þar sem hún liggur um Landmannaafrétt. Umhverfisáhrif þessara mögulegu línuleiða eru borin saman og helstu umhverfisáhrif dregin saman í töflu.



Mynd 1. Valkostir fyrir legu Sprengisandslínu (rauð og blá lína) frá tengivirki við Langöldu (rauður þríhyrningur) á Landmannaafrétti. Núverandi háspennulínur eru sýndar sem mjóar rauðar línur.

Niðurstaða forathugunar

Unnin hefur verið forathugun fyrir Sprengisandsveg, Sprengisandslínu og virkjanir á Holtamannaafrétti. Í forathuguninni voru skoðaðir og bornir saman mismunandi valkostir fyrir legu Sprengisandsvegar og Sprengisandslínu.

Líkleg framtíðarlega Sprengisandslínu, m.v. niðurstöðu forathugunarinnar, er sýnd á Mynd 2. Þar er einnig sýnd lega línunnar skv. Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015. Miðað við niðurstöðu forathugunarinnar er gert ráð fyrir nokkurri tilfærslu á línunni. Hún er samt sem áður innan mannvirkjabeltis Sprengisands eins og það er afmarkað í svæðisskipulagi miðhálandisins.



Mynd 2. Líkleg framtíðarlega Sprengisandslínu og lega línanna skv. Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015.

3 SKIPULAGSFERLIÐ

Breyting á aðalskipulagi Rangárbings ytra 2010-2022 skiptist í nokkra megin verkáfanga, sem eru í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

3.1 LÝSING

Lýsingin er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lýsingin verður kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun.

3.2 TILLAGA AÐ BREYTTU AÐALSKIPULAGI OG UMHVERFISSKÝRSLU

Aðalskipulagsbreytingin sem felur í sér greinargerð, umhverfisskýrslu og uppdrætti verður kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á íbúafundi áður en hún verður tekin fyrir í sveitarstjórn. Aðalskipulagsbreytingin verður, eftir samþykkt í sveitarstjórn, send Skipulagsstofnun til umsagnar áður en hún verður auglýst í samræmi við 30. gr. skipulagslaga.

3.3 AUGLÝSING AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Að fenginni heimild Skipulagsstofnunar verður aðalskipulagsbreytingin auglýst og er frestur til að gera athugasemdir 6 vikur. Aðalskipulagsbreytingin verður til sýnis hjá sveitarfélaginu, Skipulagsstofnun, á heimasíðu sveitarfélags og skipulagsráðgjafa.

3.4 AFGREIÐSLA Á BREYTTU AÐALSKIPULAGI

Að lokinni auglýsingu verður farið yfir athugasemdir og ákveðin viðbrögð við þeim. Ef tilefni er til verða gerðar breytingar á skipulagstillögunni.

Endanlegur frágangur aðalskipulagsbreytingarinnar verður í samræmi við samþykkt svör og viðbrögð við athugasemdum og ábendingum umsagnaraðila. Aðalskipulagsbreytingin og svör við athugasemdum verða lögð fram til endanlegrar samþykktar sveitarstjórnar.

Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla verða send til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu með ósk um staðfestingu. Breytt Aðalskipulag Rangárbings ytra 2010-2022, á Landmannaafreitti, tekur gildi þegar staðfesting hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

4 SAMRÁÐ OG KYNNING

Samráð og kynningar fyrir almenning og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

4.1 KYNNING FYRIR ALMENNING OG HAGSMUNAAÐILA

Lýsingin verður kynnt almenningi og mun hún einnig verða kynnt á heimasíðu og liggja frammi hjá sveitarfélagi, skipulagsráðgjafa og skipulagsfulltrúa.

Aðalskipulagsbreytingin mun verða kynnt á heimasíðu Rangárbings ytra og hjá skipulagsráðgjafa á vinnslutíma. Tillaga að breyttu aðalskipulagi og umhverfisskýrsla hennar munu verða kynnt á almennum íbúafundi áður en sveitarstjórn tekur aðalskipulagsbreytinguna til fyrstu umræðu.

Á auglýsingatíma mun aðalskipulagsbreytingin kynnt, eins og lög gera ráð fyrir.

4.2 UMSAGNARAÐILAR

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður send á umsagnaraðila og þeim gefin 4-6 vikna frestur til að koma með ábendingar eða athugasemdir við hana.

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður send til eftirfarandi umsagnaraðila:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fornleifavernd ríkisins
- Vatnajökulspjóðgarður
- Veiðimálastofnun/Fiskistofa
- Ásahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landsvirkjun

Gögn verða aðgengileg á heimasíðu Rangárbings ytra og hjá skipulagsfulltrúa í samræmi við framvindu skipulagsvinnu.

4.3 TÍMAÁÆTLUN

Gert er ráð fyrir að skipulagsvinnan taki yfir um 18 mánaða tímabil. Helstu áfangar verkefnisins eru settir fram á eftirfarandi mynd.

	2013				2014			
	Jún.	Júl.-ág.	Sept.-okt.	Nóv.-des.	Jan. – feb.	Mars-apr.	Maí-jún.	Júl.
Skipulagslýsing								
Kynning lýsingar								
Umhverfisskýrsla, aðalskipulagsbreyting								
Kynning tillögu og umhverfisskýrslu, íbúafundur								
Samþykkt í sveitarstjórn og yfirferð Skipulagsstofnunar								
Auglýsing								
Umfjöllun um athugasemdir og afgreiðsla sveitarstjórnar								
Staðfesting aðalskipulagsbreytingar								

Hellu 16. maí 2013

Gísli Gíslason, landslagsarkitekt FÍLA

SPRENGISANDUR

Vegir, háspennulínur og virkjanir

